

Sp.

449. Tillaga til þingsályktunar

[208. mál]

um stofnun og starfrækslu tunniverksmiðju á Skagaströnd.

Flm.: Björn Pálsson, Gunnar Gíslason, Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að stofnuð verði og starfrækt tunniverksmiðja á Skagaströnd, svo fljótt sem við verður komið.

Greinargerð.

Aflaleysi hefur verið við Húnaflóa árið 1963 og það sem af er þessu ári. Flestir vinnufærir karlmenn hafa því farið frá Skagaströnd meira og minna yfir vetrarmánuðina til að afla sér tekna, svo að þeir gætu séð fyrir heimilum sínum. Segja má, að slíkt sé eigi óeðlilegt innan vissra takmarka. Þess ber þó að gæta, að ástæður ýmissa eru þannig, að þeir eiga eigi auðvelt með að yfirgefa heimili sín. Nauðsyn ber því til, að starfrækt sé einhver atvinnugrein á slíkum stöðum, sem hægt sé að vinna við þá mánuði ársins, er vinnu vantar í kaupþúninu. Áhugi er fyrir því á Skagaströnd, að þar sé stofnuð og starfrækt tunniverksmiðja. Bendir margt til þess, að það megi takast með tiltölulega litlum stofnkostnaði. Síldarverksmiðjur ríkisins eiga þar stóra mjólskemmu og fleiri hús, sem lítið eru notuð, þannig að líkur eru til, ef sú aðstaða væri notuð, að ekki þyrfti miklu til að kosta til að reisa hús, svo að hægt væri að starfrækja tunnusmiði. Vera má, að hagkvæmast sé, að síldarverksmiðjan reki tunniverksmiðjuna. Eigi er ólíklegt, að það gæti tekizt, ef ríkisstjórnin beitir sér fyrir því og útvegar fjármagn vegna stofnkostnaðar. Vélar í tunniverksmiðjuna kosta sennilega um 2 millj. kr., byggingarkostnaður eða breytingar við hús til að vinna í þyrfti ekki að vera mikill, ef sú aðstaða væri notuð, sem fyrir hendi er. Stofnkostaðurinn mundi því verða hóflegur. Verkstjórn og bókhald gæti verið ódýrt, ef síldarverksmiðjan sæi um starfræksluna. Flutningur á tunnum frá Skagaströnd, ef eigi þarf að nota þær þar, ætti ekki að vera óhagstæðari en frá Akureyri. Skip ríkisins, sem annast strandferðir, gætu oft tekið tunnur sér að meinalausu. Greiðsla fyrir slíkt væri færsla milli vasa sama eiganda. Tunnur smíðaðar hér á landi hafa verið eitthvað dýrari en innfluttar tunnur. Þannig er með mikið af innlendum iðnaði. Þó að tunnur, sem smíðaðar eru hér, væru 10% dýrari, eru það smámunir miðað við 70—100% innflutningsgjöld, sem ýmsar iðnaðarvörur njóta verndar af. Þess ber og að gæta, að lítið hefur verið gert til þess að gera tunniverksmiðjur hér samkeppnisfærar. Bæjarfélög og fyrirtæki greiða mikið fé til atvinnuleysistryggingasjóðs árlega. Óeðlilegt væri ekki eða óhyggilegt, að slíkur sjóður lánaði fé fyrir litla sem enga vexti til þess að stofnsetja fyrirtæki, sem kæmi í veg fyrir atvinnuleysi. Það væri hagkvæmara en að greiða atvinnuleysisstyrki.